

MINNISBLAÐ – 29. apríl 2020

Punktar frá sunnlenskum samráðsfjarfundi ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, þingmanna Suðurlands, stjórnar SASS og bæjar- og sveitarstjóra á Suðurlandi.

Tilgangur fundarins er að upplýsa um aðgerðir ríkisins í tengslum við Covid-19 faraldurinn, viðbrögð sambandsins og ræða jafnframt um leiðir til viðspyrnu og sóknarfæra.

Fjarfundur haldinn föstudaginn 24. apríl – kl. 11:00 - 12:00.

Dagskrá:

11:00	Formaður SASS setur fundinn
11:05	Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, kynnur helstu aðgerðir ríkisins
11:25	Aldís Hafsteinsdóttir, formaður sambandsins, fer yfir stöðuna gagnvart sveitarfélögum
11:40	Fyrirspurnir og umræður
12:00	Fundarlok

Eftirtaldir voru þátttakendur á fundinum:

Bæjar- og sveitarstjórar: Ágúst Sigurðsson, Ásta Stefánsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Matthildur Ásmundardóttir og Íris Róbertsdóttir.

Þingmenn Suðurlands: Páll Magnússon, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ásmundur Friðriksson, Ari Trausti Guðmundsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Karl Gauti Hjaltason og Vilhjálmur Árnason. Njörður Sigurðsson tók þátt sem varamaður Oddnýjar G. Harðardóttur.

Stjórn SASS: Helgi Kjartansson, starfandi formaður, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ásgerður K. Gylfadóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Björk Grétarsdóttir og Einar Freyr Elínarson.

Oddvitar: Ása Valdís Árnadóttir, Lilja Einarsdóttir, Árni Eiríksson, Helgi Sigurður Haraldsson, Björgvin Skafti Bjarnason og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Einnig tók Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS þátt.

Formaður bauð fundarmenn velkomna.

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála

Ráðherra kynnti helstu atriði sem tengjast fyrri og seinni björgunarpakkanum s.s.

- Gera þarf breytingar á hlutastarfaleiðinni enda ljóst að ástandið varir í lengri tíma en gert var ráð fyrir
- Frestun skattgreiðslna ríkis og sveitarfélaga
- Frestun á afborgun lána hjá Byggingastofnun, bönkum og öðrum fjármálastofnunum
- Stuðningslán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja
- Lokunarstyrkir til fyrirtækja sem var gert að hætta starfsemi vegna sóttvarna s.s. hár- og snyrtistofur
- Barnabótaauki
- Heimild til útgreiðsla séreignasparnaðar



- Styrking ferðapjónustu en verja á 1,5 milljarði til kynningar á Íslandi og til kynningar fyrir innlenda ferðamenn
- Laun greidd launamanni sem fer í sóttkví samkvæmt fyrirmælum yfirvalda
- Virkni á vinnumarkaði - úrræði til að efla fólk í atvinnuleit
- Viðhaldsátak opinberra eigna
- Brúarlán til atvinnulífsins
- Afturvirkni tekjuskatts en fyrirtækjum verður heimilað að jafna tekjuskatt síðasta árs og með tapi á yfirstandandi ári.
- Beinn stuðningur til sveitarfélaga:
 - o Útvíkkun á úrræðinu *Allir vinna* gildir nú fyrir aðrar eignir í eigu sveitarfélaga en íbúða
 - o Stafrænt umhverfi
 - o Sviðsmynd um sjálfbærni sveitarfélaga
 - o 200 m.kr. endurgreiðsla frá ríkinu vegna fráveituframkvæmda. Verður í gildi árlega næstu 10 árin. Úthlutunarreglur liggja fyrir á næstu dögum.
- Félagsmálaráðuneytið úthlutar fjármunum til viðkvæmari hópa s.s. fötluð börn, börn með erlendan bakgrunn, langveikra barna, eldri borgara og öryrkjar
- Úrræði til að vinna gegn ofbeldi gegn börnum
- Félagsmálaráðherra fær 600 m.kr. til að styrkja efnaminni fjölskyldur til að sækja tómsundur og íþróttir – frístundastyrkur til tekjulágra
- Geðheilbrigðismál í forgangi, átak gegn ofbeldi og fjarheilbrigðisþjónusta efla
- Aðgerðir til að auka náms- og starfsmöguleika námsmanna s.s. sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni - 300 m.kr. til framhaldsskólanema og 500 m.kr. fyrir háskólanema en um náms- og starfsúrræði er að ræða sem gildir í heilt ár og getur náð til allt að 15.000 einstaklinga og margir þeirra eru nú þegar á hlutabótum.
- Byggðastofnun er að vinna að greiningu á stöðu sveitarfélaganna
- Settur á laggirnar vinnuhópur til að greina stöðuna og hvernig gera megir ráð fyrir að þróun tekna verði. Hópurinn verður samsettur af fulltrúum hagaðila, sambandinu og fræðasamfélaginu.
- Frekari sókn til nýsköpunar - fjárfestingar auknar, hærra hlutfall endurgreiðslu og þök hækkuð vegna rannsókna og þróunar

Allar aðgerðir ríkisins miða að viðspyrnu fyrir samfélagið, nýta menntasamfélagið og innlenda verðmætasköpun s.s. með eflingu matvælaframleiðslu með nýsköpun og markaðssetningu fyrir innlandan og erlendan markað.

Ferðapjónustan hefur orðið fyrir gífurlegu höggi og atvinnuleysi á Suðurlandi er mikið. Á Suðurnesjum er unnið að sértækum aðgerðum sem munu gagnast öllu landinu. Verið er að skoða sértæk úrræði fyrir Suðurland enda er ástandið þar slæmt og þá sérstaklega í Skaftafellssýslum og Bláskógabyggð

Í dag eru um 35.000 hlutabótum og um 7.000 eru á atvinnuleysissskrá. Gert er ráð fyrir að það fjölgi mjög í síðar nefnda hópnum nú um mánaðamótin.

Gert er ráð fyrir að fyrri björgunarpakkinn kosti ríkið um 230 milljarða og sá seinni um 60 milljarða.

Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins

Nauðsynlegt að greina betur hvaða áhrif ástandið af Covid-19 veirunni hefur á tekjugrunn sveitarfélaganna. Staðan hjá öllum sveitarfélögum er slæm en hún er mun verri hjá sumum en öðrum.

Erum í langhlaupi og því miður virðist raunveruleikinn víða stefna í að vera verri en verstu sviðsmyndir gáfu tilefni til að ætla. Sveitarfélögin eru að reyna að halda upp þjónustustigi og sinna þeirri mikilvægu nærþjónustu sem þau veita íbúum. Sveitarfélögin sem eru hluti af hinu opinbera eru í góðu samstarfi við ríkið um að finna lausnir sem gagnast samfélaginu öllu þó nauðsynlegt sé að þetta það samstarf enn frekar. Fjallaði um tillögu sem fram er komin frá SSH. Taldi að það hefði verið æskilegra að sveitarfélögin stæðu sameinuð í kröfum sínum á hendur ríkinu og væri slíkt vænlegra til árangurs. Tillögurnar verða teknar fyrir á stjórnarfundum sambandsins sem fram fer í dag. Ljóst er að hjálpa þarf þeim sveitarfélögum sem verst eru stödd en til grundvallar stuðningi þarf að liggja fyrir greining á stöðunni. Viðbúið er að líf okkar verði ekki með óbreyttum hætti næstu misserin og bregðast verður við því.

Ásta Stefánsdóttir kynnti stöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður var búinn að reikna út hversu mikið kæmi í hlut hvers sveitarfélags en vegna hins mikla tekjufalls sem hann verður fyrir á yfirstandandi ári var tekin ákvörðun um að uppfæra áætlun um tekju- og greiðsluáætlun sjóðsins árið 2020. Ljóst er að lækka þarf framlaga til sveitarfélaganna um komandi mánaðamót. Áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs og útsvarstekjur sveitarfélaga þarf að enduráætla og eftir að það hefur verið gert er fyrst unnt að enduráætla framlög sjóðsins til sveitarfélaga.

Lækkaðar útsvarstekjur og lækkun á framlagi Jöfnunarsjóðs torveldar sveitarfélögum að ráðast í framkvæmdir.

Fyrirspurnir, umræður og sjónarmið

Það sjónarmið kom fram að leið í viðspyrnu er að leggja enn meiri áherslu á nýsköpun. Ný stefna liggur fyrir í málaflokknum þar sem m.a. á að leggja Nýsköpunarmiðstöð Íslands niður og færa þjónustuna nær þjónustuþegum. Rýmka á fyrir fjárfestingum fyrirtækja í nýsköpun og verið er að efla sjóðinn *Kría* sem er hvatasjóður sem fjárfestir í vísisjóðum og mun sjóðurinn auka aðgengi að fjármagni og tryggja samfellu í fjármögnunarumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar. Leitað er leiða til að lækka rafmagnsverð til garðyrkjubænda og hægt er að sækja fjármuni í nýstofnaðan Matvælasjóð. Töluvert viðbótarfé er lagt til málaflokksins.

Nauðsynlegt er að leggja sérstök framlög í Jöfnunarsjóðinn þannig að hann geti áfram stutt við sveitarfélög sem eru háð framlögum úr sjóðnum. Einnig þarf að leiða til lykta hvernig uppgjóri verði háttað við sveitarfélögin sem fóru í dómsmál við sjóðinn og hvaðan þeir fjármunir koma. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fær heimild til að veita styrki til sveitarfélaga.

Umræður sköpuðust um nýframkomna tillögu SSH um jafna greiðslu frá ríkinu á hvern einstakling sveitarfélaganna. Greiðslur frá ríkinu þurfa að taka mið af fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Nýta þarf úrræðin sem eru til staðar úti á landi og semja við Vinnuálastofnun þannig að þeir sem eru á atvinnuleysisráði geti farið að vinna í mikilvægum verkefnum.



Klára þarf sem fyrst uppgjör Fjarskiptasjóðs vegna framkvæmda sveitarfélaganna síðustu ár. Breyta þarf skilgreiningu á hvað telst til dreifbýlis en sem dæmi er markaðsbrestur í Vestmannaeyjum þannig að fjarskiptafyrirtækin sjá sér ekki hag í að ljósleiðaravæða bæjarfélagið.

Fjallað var um mögulegar flýtiframkvæmdir samgönguverkefna á Suðurlandi s.s tengivega en nauðsynlegt er að halda verktökum starfandi. Verja á 1 milljarði í tengivegi í landinu. Brýr hafa verið boðnar út og vinna á að gerð hringtorga. Auk þess er verið að kanna möguleika á flýtiframkvæmd á Suðurlandsvegi við Hveragerði og Ölfusárbrú.

Nauðsynlegt er að að vera með sértækar aðgerðir gagnvart sveitarfélögum sem verst eru sett.

Verkefnið Sóknarfæri ferðapjónustunnar – sértæk úthlutun er nýtt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum SASS. Samþykkt á stjórnarfundum 22. apríl s.l. að hrinda verkefninu af stað til að styðja við starfandi fyrirtæki í ferðapjónustu á Suðurlandi, sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna fækkunar ferðamanna á Íslandi vegna COVID 19. **Heildarframlag SASS til verkefnisins eru 65 m.kr.** (framlag ríkisins 36 + 29 m.kr.). Verkefnið skiptist í þrjá eftirfarandi verkþætti:

- 1) **Stuðningur við markaðssókn Suðurlands** gagnvart innlendum ferðamönnum í sumar sem unnið verður að á vegum Markaðsstofu Suðurlands. Verkefnið fylgir áherslum ríkisins þ.m.t. Ferðamálastofu um að styðja við innlenda ferðapjónustu á þessu ári. Rekstraraðilar og sveitarfélög eru hvött til að taka þátt í átakinu og auka þar með slagkraft þess.
- 2) **Stofnun nýs samkeppnissjóðs** Sóknaráætlunar Suðurlands undir heitinu Sóknarfæri ferðapjónustunnar. Þar sem fyrirtæki í ferðapjónustu og fyrirtæki sem hafa megin tekjur sínar af ferðamönnum og ferðapjónustu geta sótt um verkefnastyrki að fjárhæð 500 þ.kr. Samhliða því af fá styrk mun fyrirtækjum standa til boða handleiðsla og ráðgjöf á vegum SASS, aðgengi að sérfræðipjónustu og sérsniðinni fræðslu út frá þörfum umsækjenda. Getu til að styðja 96 fyrirtæki.
- 3) **Fræðsla og miðlun þekkingar** til ferðapjónustufyrirtækja, s.s. sérhæfð námskeið og sérfræðipjónusta til handa styrkþegum sem tengjast úrræðinu hér að framan. Auk þess verður boðið upp á ýmis opin námskeið, fyrirlestra og stuðningsefni.

Auglýst eftir umsóknum í maí og verkefnum lokið í nóvember.

Orkuháð matvælaframleiðsla á Suðurlandi – áhersluverkefni Sóknaráætlunar

Verkefni sem unnið er í samstarfi við Landsvirkjun og Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni og sjálfbærri matvælaframleiðslu og vinnslu með bættri nýtingu endurnýjanlegra auðlinda og hámarka samfélagsleg og efnahagsleg tækifæri því tengdu. Þannig eru styrkleikar Suðurlands ásamt þekkingu og núverandi starfsemi nýtt til að skapa ný tækifæri til að vinna á lausnarmiðaðan hátt gegn helstu áskorunum nútímans, að auka matvælaframleiðslu. Í verkefninu verður stutt við uppbyggingu hátæknimatvælaframleiðu á svæðinu ásamt því að gera sveitarfélögum, núverandi matvælaframleiðendum og nýjum fyrirtækjum kleift að byggja upp aukna framleiðslu ásamt því að þróa nýjar aðferðir og skapa matvælaframleiðslu með sérstöðu á heimsvísu.

Fundi lokið kl. 12:05